

- f) Eftirfarandi komi í stað færslu í hægri dálki við liði I.1, 4, 5 og 11 í lið I, II og III í þættinum „L. PORTÚGAL“:
„Departamento de Relações Internacionais de Segurança Social“ (ráðuneyti alþjóðatengsla varðandi félagslegt öryggi), Lisboa“.
- g) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 6. liðar í þættinum „N. SVÍÐJÓÐ“:
„a) Almannatryggingaskrifstofan á staðnum þar sem starfið er eða verður innt af hendi og, ef starfið er innt af hendi í öðru aðildarríki, almannatryggingaskrifstofan þar sem hlutaðeigandi er tryggður og“.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 4. október 1997.
2. Ákvæði 3. liðar 1. gr. öðlast gildi að því er varðar þá sem eru við nám eða fá starfsþjálfun í Hollandi og aðstandendur þeirra, sem fylgja þeim á námstíma, þegar samþykkt verða viðeigandi ákvæði um endurgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 93. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og eigi síðar en 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MELKERT

forseti.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 um breytingu og uppfærslu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flýttast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum, bókun 1 við samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í reglugerðum þessum er meðal annars fjallað um réttindi úr lífeyrissjóðum og rétt til barnabóta.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Reglugerð félagsmálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof kveður á um gildistöku í þeim tilvikum. Einnig kveður reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 1-254, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 587/2000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Tómas N. Möller.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (II)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í reglugerðum þessum er meðal annars fjallað um réttindi úr lífeyrissjóðum og rétt til barnabóta.

Reglugerðin, sbr. 1. mgr., fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Reglugerð félagsmálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof kveður á um gildistöku í þeim tilvikum. Einnig kveður reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 255-272, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 588/2000.